

74 byrgist starfrækslu einkasímanna eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, 5. ágúst og að línum sé að öllu leyti vel við haldið.

6. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að 200 kr., sem renna í sveitarsjóð Bárðdælahrepps.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreyttni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. ágúst 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

75

29. ágúst

SAMÞYKKT

um

sýsluvegasjóð í Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Sýsluvegir teljast þessir:

1. Frá Brjánslæk um Haga að Haukabergsá.
2. Frá Ósum út með Patreksfirði að norðan, að Litladalsá.
3. Frá Ósum út með Patreksfirði að sunnan um Örlygshöfn og Hafnarfjall að Breiðavík.
4. Frá Litladalsá um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn að Gileyri.
5. Frá Gileyri út með Tálknafirði að Stóralaugardal, þaðan um Fagradal og Fífustaðadal á sýsluveg Dalahrepps.
6. Frá Bræðraminni á Bildudal fram í dalbotn.
7. Frá Bræðraminni á Bildudal að Fossi.
8. Frá Jaðri á Bildudal um Dalahrepp að Staðnum í Selárdal.
9. Frá Saurbæ á Rauðasandi inn í Skógardal.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en

af eiganda hverrar lóðar, eða húseignar í kaupþúnum. Þó er hreppsfélaginu heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmatum sveitarfundu og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl. 75
29. ágúst

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn hve hár skatturinn skuli vera. Má hann ekki lægri vera en 1,5% af verði skattskyldra fasteigna eftir fasteignamati, og ekki hærri en 6%, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skatturinn er miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur, samkv. l. nr. 10, 20. júní 1923.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélag fyrir sig, skal hálfur skatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerða í hreppnum á því ári, að minnsta kosti jafn miklu fé úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

5. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum ásamt áætluninni skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

6. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögu sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir, ásamt húsum og lóðum á þeim, ennfremur ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati sökum sjávarhlunninda.

7. gr.

Sýsluvegasjóður skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í 8. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, og lögum nr. 28, 31. maí 1927.

8. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, sbr. lög nr. 10, 20. júní 1923 og lög nr. 28, 31. maí 1927.

75

29. ágúst

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 kr. sektum er renna í sýslu-vegaskjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Á samþykkt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. september 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. ágúst 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

76

31. ágúst

REGLUGERÐ

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Borgarnesshreppi.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Borgarnesshreppi skal falin þriggja manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri, og 1 maður, er hreppsnefndin kys til þriggja ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefndin skal hafa eftirlit með að hlýtt sé fyrirmælum laga um varnir gegn eldsvoða og að eldvarnaráhöldum sé haldið vel við. Hún skipar fyrir um árlegt eftirlit með eldsstæðum, reykhafum, hreinsun þeirra og um varúð alla, er hafa skal í húsum, til að fyrirbyggja eldsvoða (uppkomu).